

Starfshópur um skilgreiningu á
hlutverki, leiðarljósum, markmiðum
og viðmiðum fyrir starf
frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn

Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn, hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið

Tillögur starfshóps

Febrúar 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1 Aðdragandi verkefnisins	2
1.2 Lagasetning um frístundaheimili	3
1.3 Starfshópurinn	3
2. Efnisöflun og kynning	5
2.1 Efnisöflun	5
2.2 Vefkönnun	6
3. Um starf frístundaheimila	6
3.1 Þjónusta frístundaheimila í nágrennalöndum	6
3.2 Markmið frístundaheimila	7
4. Tillögur starfshópsins	8
4.1 Hlutverk og leiðarljós	8
4.2 Markmið og viðmið	8
4. Opið samráð	12
5. Staða frístundaheimila í grunnskólalögum	12
6. Kynning, innleiðing og gildistaka	13
Heimildaskrá	14
Viðaukar	16
Könnun á viðhorfum og væntingum til gerðar leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla	17
Markmið og viðmið í framsetningu samhæfðs árangursmats	23

1. Inngangur

1.1 Aðdragandi verkefnisins

Á undanförnum árum hefur margt verið ritað og rætt um starf frístundaheimila fyrir 6 – 9 ára börn á Íslandi. Ýmis ólík heiti hafa verið notuð yfir slíka starfsemi, s.s. lengd viðvera, skóladagvist, skólasel, dægradvöl, tómstundaheimili eða frístundaheimili. Í þessari skýrslu verður orðið *frístundaheimili* notað.

Hér á landi hefur engin stofnun haldið miðlægt utan um þjónustu frístundaheimila á landsvísi. Stefnumótun, skipulag og þjónustustig hefur alfarið verið skipulagt af hverju sveitarfélagi fyrir sig án opinberrar stefnumótunar eða viðmiða.

Ýmsir aðilar hafa á liðnum árum þrýst á mennta- og menningarmálaráðuneytið að sett verði opinber viðmið um starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla.

Árið 2013 var ákveðið að stofna starfshóp á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélagi Íslands, Heimili og skóla, Félagi fagfólks í frítímapjónustu, og Umboðsmann barna. Hlutverk hópsins var m.a. að kanna hvort þörf væri á endurskoðun á 33 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 vegna málsins. Hópurinn starfaði í um eitt og hálft ár og kynnti sér vel starfsemi frístundaheimila með samtölum við helstu hagsmunaaðila. Útbúin var viðamikil könnun til sveitarfélaga um ýmsa þætti í starfsemi frístundaheimila.¹

Hópurinn var samstiga í því að þjónusta frístundaheimila sé mikilvæg og brýnt sé að útbúin verði viðmið um gæði um starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur á grunnskólastigi til að stuðla að sambærilegum gæðum þjónustunnar um land allt. Starfshópurinn var sammála um að eðlilegast væri að endurskoða 33. gr. grunnskólalaga. Í grunnskólalögum hefur frá 1995 verið heimild fyrir sveitarfélög til að halda úti lengdri viðveru fyrir nemendur.²

Samkvæmt íslenskri löggjöf hefur sveitarfélögum verið frjálst að bjóða upp á lengda viðveru utan skólatíma allt frá gildistöku laga um grunnskóla nr. 66/1995, en þau voru lengst af ekki skyldug til þess. Í 33. grein grunnskólalaga frá 2008 með síðari breytingum frá 2016 segir hins vegar:

„Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma“.

Tekið er fram að sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir þessa þjónustu samkvæmt gjaldskrá sem þau setja. Engar lýsingar eru á markmiðum starfsins, hvernig tryggja eigi gæði, hver sinni eftirliti með starfinu eða hvaða kröfur skuli gera til starfsmanna. Sé litið til íslenskra æskulýðslaga þá vísa þau ekki sérstaklega til starfsemi frístundaheimila né tómstundaheimila. Þó er kveðið á um að starfsmenn sem ráðnir séu til æskulýðsstarfa skuli hafa „þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins“ (Æskulýðslög, 2007, 10. gr.). Í æskulýðslögum er jafnframt skýrt kveðið á um í sömu grein að „standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem

¹ http://www.samband.is/media/skolamal/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf

² Mennta- og menningarmálaráðuneytið - Starfshópur um málefni frístundaheimila fyrir nemendur á grunnskólastigi (2014)

fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti“.³

1.2 Lagasetning um frístundaheimili

Á grundvelli tillagna starfshópsins frá 2013 um að endurskoða 33 gr. grunnskólalaga lagði mennta- og menningarmálaráðherra fram, vorið 2016, frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 með því að setja sérstaka lagagrein um frístundaheimili. Ítarleg greinargerð fylgir með frumvarpinu.⁴

Alþingi samþykkti 16. júní 2016 lög um breytingu á lögum um grunnskóla nr 91/2008 á þann hátt að á eftir 33. gr laganna kemur ný grein, 33.gr.a um frístundaheimili, sem orðast svo:

„Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.“⁵

1.3 Starfshópurinn

Á grundvelli 4. mgr. 33gr.a laga um grunnskóla stofnaði mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp, sem hafði það hlutverk að vinna viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Starfshópurinn var skipaður: Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu Guðni Olgeirsson sérfræðingur sem veitti hópnum forystu og Óskar Þór Ármannsson sérfræðingur. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, Sigrún Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Þórður Kristjánsson sérfræðingur, Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri í Árborg. Ragnar Þorsteinsson fyrrverandi sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, var ráðinn verkefnisstjóri starfshópsins.

³ Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir
Gæði eða geymsla?

Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi (2011)

⁴ <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Drog-ad-frumvarpi-til-laga-um-breytingu-a-logum-um-grunnskola-nr-91-2008--sjalfstaett-reknir-grunnskolar.pdf>

⁵ <http://www.althingi.is/altext/145/s/1466.html>

Starfshópurinn ákvað að eiga sem mest og best samráð við helstu hagsmunaaðila frístundaheimila bæði með því að bjóða aðilum til fundar við starfshópinn og einnig með því að fara í heimsóknir á vettvang og sérstökum samráðsfundum með ýmsum aðilum.

Þar sem lítið var vitað um hvort sveitarfélög höfðu sett markmið og viðmið um frístundastarf var ákveðið í upphafi vinnunar að kanna hvort slík markmið og viðmið væru til. Vitað var að stærstu sveitarfélögin í landinu höfðu unnið eða væru að vinna að gerð slíkra viðmiða. Reykjavíkurborg gaf út árið 2015 „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs“. Starfshópurinn taldi að viðmið Reykjavíkurborgar gætu orðið leiðbeinandi við gerð viðmiða á landsvísu. Starfshópurinn ákvað í byrjun að markmið og viðmið um starf frístundaheimila yrðu að vera metnaðarfull og skýr varðandi hlutverk, öryggi, velferð, inntak starfsins, jafnræði og fagmennsku starfsfólks. Starfshópurinn tók jafnframt þá ákvörðun að þrátt fyrir metnaðarfull viðmið um gæði mættu viðmiðin ekki vera vera íþyngjandi fyrir sveitarfélögin, ættu frekar að vera leiðbeinandi en þó með það að markmiði að aðbúnaður barna á grunnskólaaldri sem dvelja á frístundaheimilum og skóladagvistum sé góður og að tryggt sé að faglega verði staðið að rekstri slíkrar þjónustu. Starfshópurinn taldi ekki rétt að svo komnu að setja fram miðlæg tölugildi um opnunartíma eða fjölda barna á hvern starfsmann eða sérstök ákvæði um rými á hvert barn.

Hópurinn hélt samtals 8 fundi og starfaði frá janúar til desember 2017.

2. Efnisöflun og kynning

2.1 Efnisöflun

Starfshópurinn fól verkefnisstjóra að heimsækja sveitarfélög vítt um land og kanna:

- Hvort til eru gæðaviðmið fyrir starf frístundaheimila í viðkomandi sveitarfélagi
- Hver væru viðhorf til að slík viðmið væru gerð
- Hverjar væru væntingar til gerðar slíkra viðmiða
- Skoðanir á því hverjir ættu að vera helstu efnisþættir gæðaviðmanna.

Verkefnisstjóri heimsótti og ræddi við forstöðumenn skólaskrifstofa og fagfólk sem tengist starfi frístundaheimila í 17 sveitarfélögum, alls 44 einstaklinga.

Eftirtalin sveitarfélög voru heimsótt: Akranes, Borgarbyggð, Árborg, Hveragerði, Reykjanesbær, Kópavogur, Reykjavík, Mosfellsbær, Garðabær, Seltjarnarnes, Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Norðurþing, Fljótsdalshérað, Fjarðabyggð, Skólaskrifstofa Austurlands og Hornafjörður.

Töluverður samhljómur var hjá viðmælendum varðandi gerð viðmiðanna.

- Allir aðilar fögnuðu því að vinnan væri hafin
- Allir aðilar töldu að viðmið um starf frístundaheimila ýtti undir þróunarstarf í heimabyggð
- Langflestir aðilar nefndu að þess yrði gætt að viðmiðin yrðu ekki þröng, stýrandi og íþyngjandi heldur víð og leiðbeinandi
- Langflestir aðilar töldu að töluleg viðmið um starfsemina skyldu sett í heimabyggð
- Allir aðilar höfðu áhuga á að gefa álit á drögum af viðmiðum þegar þau kæmu fram.

Auk funda með forstöðumönnum skóla- og frístundamála í sveitarfélögum var verkefnið kynnt á fundum fyrir:

- Formanni sjálfstætt starfandi skóla
- Formanni Skólastjórafélags Íslands
- Umboðsmanni barna
- Þroskahjálpi
- Heimili og skóla
- Sérfræðingum á Menntavísindasviði HÍ
- Menntamálastofnun

Í upphafi vinnunar var farið yfir margvísleg stefnumótandi skjöl um starfsemi frístundaheimila sem gefin höfðu verið út í sveitarfélögum landsins. Í heimildaskrá má sjá helstu gögn sem starfshópurinn fór yfir og nýtti við vinnu sína.

2.2. Vefkönnun

Samhliða heimsóknum og gagnaöflun vann verkefnastjóri að gerð vefkönnunar í samráði við Hildi Björk Svavarsdóttur, þáverandi starfsmann tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Samtöl við sérfæðinga í áðurnefndum heimsóknum hjálpuðu mjög við að móta efnisatriði könnunarinnar. Vefkönnunin var send til forstöðumanna skólaskrifstofa, grunnskólastjóra utan Reykjavíkur, Samtaka sjálfstæðra skóla, Heimilis og skóla, Umboðsmanns barna, Skólustjórafélags Íslands, félagsmanna í Félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa (FÍÆT) og Menntavísindasviðs HÍ.

Könnun var send út 3. febrúar, fyrri ítrekun var 9. febrúar, seinni ítrekun var 14. febrúar og könnuninni lauk 21. febrúar.

3. Um starf frístundaheimila

3.1 Þjónusta frístundaheimila í nágrennalöndum

Þessi samantekt er að mestu byggð á efni frá Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur lektor við Háskóla Íslands. Ástæða þykir að birta samantektina hér til að varpa ljósi á þróun þjónustu frístundaheimila og markmið þeirra.⁶

Í flestum þeim löndum sem við Íslendingar kjósum að bera okkur saman við má finna dagvistunarræði fyrir börn á skólaaldri þótt þjónustan sé misaðgengileg og skipulögð á ólíka vegu. Nefnd á vegum Evrópusambandsins gaf út skýrslu árið 2006 sem fjallaði um stefnu þeirra 25 landa, sem þá voru innan Evrópusambandsins, varðandi dagvistun fyrir börn á skólaaldri. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir fernskonar formi á dagvistun barna á skólaaldri: dagmæðrum, dagvistun sem er tengd leikskóla, dagvistun sem er tengd skóla og sjálfstæðum frístundaheimilum (EFILWC, 2006).

Dagvistun skipulögð í tengslum við leikskóla. Víða í Evrópu er dagvistun fyrir skólabörn hluti af almennu dagvistarkerfi ætluð börnum undir skólaaldri. Sú var einnig raunin í Reykjavík þegar fyrstu skóladagheimilin voru stofnuð á áttunda áratug síðastliðinnar aldar því þau tilheyrðu upphaflega Dagvist barna sem nú heyra undir skóla- og frístundasvið. Nú á tímum þekkist víða að tengja saman leikskólastarf og tómstundastarf fyrir ung börn á skólaaldri.

Dagvistun tengd skóla er algengasta formið á lengdri viðveru fyrir ung skólabörn í Evrópu þjónustan fer þá fram í tengslum við skólustarfið og oftast í húsnæði skólans. Mismunandi getur verið hvort þjónustan er á ábyrgð skólans eða annarra aðila. Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er e.t.v. ákveðin hagkvæmni, þ.e. að nýta beri skólahúsnæðið og tryggja ákveðna samfellu í vinnudegi barna. Aftur á móti geta markmið starfsins og innihald þess verið mjög mismunandi.

Sérstök frístundaheimili þekkjast einnig í sumum löndum Evrópu. Nærtækast er að nefna svokölluð „fritidshjem“ í Danmörku sem eiga sér langa sögu, eða allt frá upphafi 20. aldar í Kaupmannahöfn. Slíkar stofnanir eru reknar að öllu leyti utan skólans, í sérstöku húsnæði. Þó hafa Danir að mestu horfið frá rekstri slíkra stofnana og fært þjónustuna þess í stað undir skólana.

⁶ Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Gæði eða geymsla? Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi (2011), <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>

3.2 Markmið frístundaheimila⁷

Innan Evrópu má finna mjög ólíkar hugmyndir um markmið frístundaheimila og skóladagvista. Í fyrsta lagi er gjarnan litið á starfsemi skóladagvista sem stuðning við hefðbundið nám þar sem boðið er upp á aðstoð við heimanám, aukatíma í fögum og sértækan stuðning vegna námsörðugleika. Lönd sem gera það eru t.d. Pólland og Kýpur þar sem áhersla er á að styrkja námslega þætti. Jafnframt má sjá ríka tilhneigingu til þess í Bandaríkjunum. Önnur lönd leggja áherslu á að slík starfsemi eigi að einkennast af fjölbreyttu tómstundastarfi þar sem börnum gefist kostur á að taka þátt í íþróttum, listum og skapandi starfi af ýmsu tagi ásamt því að lögð er áhersla á frjálsan leik. Segja má að Norðurlönd falli almennt í þennan flokk þar sem mikið er lagt upp úr frjálsum leik barna að loknum hefðbundnum skóladegi. Í þriðja lagi má nefna umönnunar- og gæslupátt starfseminnar þar sem lögð er megináhersla á að sinna þurfi börnum sem af félagslegum ástæðum fái ekki viðeigandi stuðning að heiman. Þó að flest ríki nefni bæði náms- og tómstundamarkmiðin virðist þörf vinnumarkaðarins fyrir dagvistunarúrræði vera sú driffjöður sem veldur því að stjórnvöld fjárfesta í þjónustu af þessum toga, dagvistun skólabarna hvetur til aukinnar atvinnuþátttöku og þar með til meiri efnahagslegrar velmegunar í samfélaginu. Allflest vestræn samfélög hafa komið sér upp einhvers konar kerfi sem gerir foreldrum barna á skólaaldri kleift að stunda vinnu eða nám.

Íslenskt skólakerfi hefur að miklu leyti tekið mið af því sem gerist á Norðurlöndum og því hefur verið horft þangað þegar kemur að skipulagi skóladagvistunar. Þó er ekki sjálfsagt að við tökum sjálfkrafa upp kerfi þaðan, heldur ígrundum fremur hvernig hlutir hafa þróast annars staðar og skoðum hvað hentar íslensku samfélagi. Í skýrslu Evrópusambandsins (2006) kom sérstaða Norðurlanda skýrt fram hvað varðar þjónustu við barnafjölskyldur og þar með þjónustu við börn utan skólatíma. Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er gerð sú krafa til sveitarfélaga að þau bjóði upp á lengda viðveru fyrir yngri nemendur og innan þeirra má finna lagasetningu sem tekur sérstaklega á málefnum lengdrar viðveru (norska/danska: skolefritidsordning/scenska: fritidshem

⁷ Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Gæði eða geymsla? Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi (2011), <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>

4. Tillögur starfshópsins

Í frístundastarfi gefst tækifæri til þess að skapa vettvang þar sem allir geta verið virkir þátttakendur. Frístundastarf er vettvangur fyrir óformlegt nám á sviði félagslegrar og lýðræðislegrar þátttöku og virkni, mannréttinda, félagsfærni og þróunar sjálfsmyndar. Þátttaka í frístundastarfi færir börnum þekkingu sem þau geta yfirfært á samfélagið. Frístundastarf án aðgreiningar, í fjölbreytilegum barnahópi, getur búið börn undir það að takast á við krefjandi verkefni í samfélagi margbreytileikans. Frístundastarf er því mikilvægur vettvangur í þróun samfélagsins.

Árið 2013 var gerð könnun af Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið um stöðu frístundaheimila á Íslandi.⁸ Af þeim 50 sveitarfélögum sem svöruðu könnunni buðu um 92% þeirra upp á frístundaþjónustu fyrir yngstu börn grunnskólans. Þegar hlutfallið var kannað 2009 reyndist það 75%. Búast má við að nú bjóði enn fleiri sveitarfélög þessa þjónustu en árið 2013. Frístundaþjónustu fyrir yngstu börnin á grunnskólaaldri má því flokka sem grunnþjónustu þar sem afar mikilvægt er að vandað sé til verka og að öll starfsemi byggji á gæðum og fagmennsku.

4.1 Hlutverk og leiðarljós

Starfshópurinn leggur til að hlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn verði skilgreint á eftirfarandi hátt:

- **Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.**

Starfshópurinn leggur til að leiðarljós frístundaheimila fyrir 6 – 9 ára börn verði skilgreind á eftirfarandi hátt:

- **Að bjóða öllum börnum þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómstundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra.**
- **Umhverfi starfsins einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**

4.2 Markmið og viðmið

Í þessum kafla má sjá tillögur starfshópsins að markmiðum og viðmiðum fyrir frístundaheimili. Starfshópurinn ákvað í upphafi að markmiðin ættu að verða nokkuð opin og leiðbeinandi en ekki þröng og stýrandi. Mikilvægt er að hvert sveitarfélag eða rekstraraðili frístundaheimila geti mótað starfsemi á þann hátt að hún þjóni sem best þörfum samfélagsins á hverjum stað. Þótt markmið og viðmið séu sett hér fram sem leiðbeining um hvernig standa eigi að þjónustunni, þá eru þau í senn metnaðarfull og raunsæ fyrir alla rekstraraðila og eru grunnur sem sveitarfélög munu byggja sitt starf á til framtíðar.

⁸ Könnun um lengda viðveru 2013.

http://www.samband.is/media/skolamal/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf

Starfshópurinn ákvað að setja markmiðin og viðmiðin fram í aðferðafræði samhæfðs árangursmats. Aðferðafræðin hentar vel við framsetningu stefnumótunar af þessu tagi og auðveldar m.a. aðilum að fylgjast með hvort settum markmiðum hefur verið náð.

Framsetning viðmiðanna er í fjórum víddum sem eiga með sér orsaka- og afleiðingatengsl á þann hátt að að vídd sem er ofar byggir á þeirri sem er neðar. Í hverri vídd má síðan sjá fjögur markmið sem taka til ákveðinna efnisþátta. Til hægðarauka eru markmiðin númeruð frá 1 – 16. Þeirri aðferðafræði er fylgt að hvert markmið hefur skilgreint innihald og er sett fram í einni meitlaðri setningu sem lýsir á skýran hátt því markmiði sem stefnt er að. Markmiðunum fylgja síðan viðmið um gæði. Viðmið um gæði eru þrjú fyrir hvert markmið, 48 alls og hafa það hlutverk að sýna fram á aðgerðabindingu viðmiða. Viðmið eru merkt með bókstöfunum a, b og c. Í viðauka 9.2 hér að aftan má sjá markmið og viðmið í framsetningu samhæfðs árangursmats.

BÖRNIN Á FRÍSTUNDAHEIMILINU

1. Börnum líður vel og eru örugg, heilbrigð og glöð

- a. Í frístundastarfinu finna börn til öryggis í öllu starfi
- b. Í frístundastarfinu er unnið gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast svo sem einelti, öðru ofbeldi, niðurlægingu og kynbundinni og annars konar mismunun til að tryggja almenna velferð barna
- c. Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar

2. Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni

- a. Í frístundastarfinu er unnið að því að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og samskiptahæfni
- b. Jafnrétti er lykilþáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar
- c. Í frístundastarfinu fá börnin tækifæri til að skiptast á skoðunum við önnur börn og fullorðna, miðla málum og finna sameiginlegar lausnir

3. Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður

- a. Leitað er eftir sjónarmiðum barna þegar teknar eru ákvarðanir um starfið
- b. Frjálsum leik barna er gefið gott svigrúm
- c. Börnin hafa daglega val um fjölbreytt og ögrandi viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk

4. Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín

- a. Starfið tekur mið af aldri og þroska barna
- b. Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga
- c. Börn sýna áhuga á því að sækja frístundaheimilið

STARFSHÆTTIR OG VIÐFANGSEFNI

5. Virkt samstarf er við foreldra, skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðra í grenndarsamfélaginu

- a. Forstöðumaður leitar virks samráðs við skólastjóra, starfsfólk skóla, foreldra, forstöðumenn íþrótta- og æskulýðsfélaga og listaskóla um sameiginleg málefni
- b. Foreldrar eru ánægðir með viðfangsefni barnanna
- c. Foreldrar eru ánægðir með samskiptin við starfsfólk

6. Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu

- a. Fullt aðgengi er fyrir öll börn að starfinu
- b. Sérhvert barn tekur þátt í dagskrá og nýtur samveru með öllum börnum
- c. Börn fá viðeigandi stuðning við allt starf

7. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og skapandi og mótast af áhuga barna og þroska þeirra

- a. Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs
- b. Boðið er upp á smíðjur og fræðslu um tiltekin málefni, þar sem áhersla er lögð á skapandi starf og listsköpun
- c. Útvera og viðburðir eru reglubundnir þættir í frístundastarfinu

8. Lýðræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur eru ríkjandi

- a. Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnunum
- b. Börnin eru hvött til að koma með eigin hugmyndir að viðfangsefnum og þau studd við útfærslu og framkvæmd þeirra
- c. Börn eru hvött til að tjá skoðanir sínar á markvissan og uppbyggilegan hátt

MANNAUÐUR OG FAGLEGT STARF

9. Sveitarfélag mótar stefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagþróun starfsins

- a. Sveitarfélagið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til og skapar aðstæður til starfsþróunar
- b. Sveitarfélag stuðlar að þróun og nýbreytni í samstarfi við hagsmunaaðila: börnin, foreldra, starfsfólk og grenndarsamfélagið
- c. Sveitarfélag stendur fyrir mati á starfsemi frístundaheimila

10. Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu

- a. Forstöðumaður hefur forystu um mótun frístundastarfsins og leitast við að innleiða faglega starfshætti
- b. Við ráðningar skal liggja fyrir sakavottorð, sem snýr að ofbeldi eða misnotkun eða heimild forstöðumanns til að afla upplýsinga úr sakaskrá
- c. Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar

11. Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi

- a. Starfsfólk tryggir börnunum fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni
- b. Starfsfólk er ánæggt í starfi og telur hæfni sína og þekkingu vel nýtt
- c. Starfsfólk vinnur saman að útfærslu viðfangsefna

12. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju

- a. Starfsfólk kemur vel til móts við þarfir einstakra barna þannig að margbreytileiki í barnahópnum nýtur sín
- b. Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun
- c. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin

BJARGIR OG SKIPULAG

13. Skilvirk upplýsinga- og samskiptatækni styður við starfsemina á fjölbreyttan hátt

- a. Á frístundaheimilinu er sími og nettengd búnaður
- b. Vefur frístundaheimilisins inniheldur réttar grunnupplýsingar um starfsemina, er virkur og uppfærður reglulega
- c. Upplýsinga- og samskiptatækni er nýtt til samstarfs við foreldra og ýmsa samstarfsaðila

14. Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum

- a. Sveitarfélög setja fram skýr viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann og lágmarksstærð rýmis á hvert barn
- b. Skipulag starfseminnar, samstarf aðila og verkaskipting starfsfólks eru skýr og kynnt og endurmetin reglulega út frá þörfum barnsins
- c. Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru í frístundinni hverju sinni

15. Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna

- a. Húsnæði frístundaheimilis og útileiksvæði uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum um grunnskóla og lögum um vinnuvernd
- b. Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna
- c. Aðgengi að húsnæði, innan veggja þess og að útileiksvæði, hentar öllum

16. Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska

- a. Fjölbreytt úrval af vistvænum og öruggum efniviði er til staðar
- b. Efniviður og búnaður er yfirfarinn reglulega og endurnýjaður eftir þörfum
- c. Nærumhverfi frístundaheimilis er nýtt til þess að mæta áhuga, forvitni og áskorunum barna

5. Opið samráð

Í vinnu sinni lagði starfshópurinn mikla áherslu á viðtækt samstarf og sátt í samfélaginu um setningu metnaðarfullra markmið og viðmiða fyrir frístundastarf sem varða veginn til framtíðar fyrir þessa lögbundnu grunnþjónustu sveitarfélaga án þess þó að vera íþyngjandi fyrir sveitarfélög.

Starfshópurinn lagði til að tillögur að hlutverki, leiðarljósum, markmiðum og viðmiðum yrðu sett í opið samráð á vef mennta- og meningarmálaráðuneytisins sem liður í því að tryggja sem mestan samhljóm meðal allra hagsmunaaðila um allt land. Tillögurnar voru settar á vef ráðuneytisins 26. júní 2017 og frestur var gefinn til 20. september til að skila inn athugasemdum.

Tólf ábendingar og umsagnir bárust í opnu samráðsferli frá eftirtöldum aðilum:

1. Samband íslenskra sveitarfélaga /Guðjón Bragason/Pórður Kristjánsson
2. Menntamálaráðuneytið/Jóna Pálsdóttir,jafnréttisráðgjafi
3. Borgarbyggð/Anna Magnea Hreinsdóttir
4. Gufunesbær/Þóra Melsteð
5. Hafnarfjarðarbær/Geir Bjarnason
6. Menntamálastofnun/Sverrir Óskarsson
7. Miðberg/Herdís Snorradóttir
8. Reykjavíkurborg/SFS/Soffía Pálsdóttir
9. HÍ/Námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði/KP&SK
10. Kópavogsbær/Anna Birna Snæbjörnsdóttir
11. Þroskahjálp/Árni Múli Jónsson
12. Barnaheill/Erna Reynisdóttir

Starfshópurinn fór yfir allar ábendingar og umsagnir á fundi sínum 28. september 2017. Í innsendum ábendingum komu alls staðar fram jákvæð viðhorf við gerð markmiða og viðmiða, umsagnaraðilar fögnuðu verkefninu og töldu það vera mikilvægt skref til að efla faglegt starf frístundaheimila og auka þróunarstarf í heimabyggð. Starfshópurinn tók tillit til langflestra efnislegra ábendinga sem fram komu og rötuðu þær því í endanlegar tillögur starfshópsins með einum eða öðrum hætti.

6. Staða frístundaheimila í grunnskólalögum

Á kynningarfundum og umræðufundum um verkefnið komu iðulega fram spurningar sem snerust um stöðu frístundaheimila í lögum um grunnskóla og hvaða atriði grunnskólalaga næðu yfir starfsemi frístundaheimila. Í lagagrein 33.a kemur skýrt fram að almenn ákvæði laga og reglugerða um skilgreind atriði gilda.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Starfshópurinn fór yfir löginn og skoðaði og ræddi ýmsar lagagreinar með það í huga hvort ákvæði þeirra ættu við frístundaheimili. Haldnir voru tveir fundir með lögfræðingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins um málið til að fara yfir álitaefni. Ákveðið var að birta samantekt ráðuneytisins um einstök álitaefni og síðan svör ráðuneytisins við fyrirsprungnum um túlkun grunnskólalaga gagnvart frístundaheimilum undir liðinum spurt og svarað á heimasíðu

ráðuneytisins. Þar er kominn sérstakur liður um frístundaheimili undir spurt og svarað um menntamál. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/spurt-og-svarad/>

7. Kynning, innleiðing og gildistaka

Markmið og viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum fyrir 6 – 9 ára börn eru nú gefin út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í fyrsta sinn í samræmi við ákvæði í lögum. Á kynningar- og samræðufundum um verkefnið kom skýrt fram hjá rekstraraðilum frístundaheimila að mjög mikilvægt væri að fylgja eftir vinnu við gerð markmiða og viðmiða með markvissri kynningu og innleiðingu um allt land. Jafnframt þurfi að ákveða formlega gildistöku markmiðanna.

Starfshópurinn leggur því til að útbúin verði kynningar- og innleiðingaráætlun í samstarfi við rekstraraðila og Menntavísindasvið HÍ. Á forsendum áætlunarinnar verði markmiðin og viðmið kynnt um allt land, fyrri hluta árs 2018 með það í huga að þau öðlist gildi 1.ágúst 2018. Jafnframt verði viðmiðin gefin út á veggspjaldi með myndrænum hætti og send til allra sveitarfélaga, skólaskrifstofa, frístundamiðstöðva og grunnskóla.

Heimildaskrá

Hér að neðan má sjá helstu gögn og heimildir sem farið var yfir við gerð markmiða og viðmiða.

Árborg – gæðaviðmið og sýn um frístundþjónustu (2016), <http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2013/10/Skýrsla-starfshóps-um-fristundaheimili-jan16-final.pdf>

Barnalög (2003), <http://www.althingi.is/lagas/142/2003076.html>

Barnaverndarlög (2002), <http://www.althingi.is/lagas/142/2002080.html>

Dæmi um þróunarvinnu í starfi frístundamiðstöðva í Reykjavík (2016), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/Handb_k-tonlistarverkefni.pdf

Endurskoðuð starfsskrá frístundamiðstöðva í Reykjavík. (2015), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsskra_fristundamidst_2015-lores.pdf

Frístundamiðstöðvar í Reykjavík gera árlega starfsáætlanir (2016), <http://reykjavik.is/starfsaetlanir-fristundamidstodva>

Garðabær hefur mótað miðlægan ramma fyrir frístundþjónustuna (2017), <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/skolar-og-daggaesla/grunnskolar/tomstundaheimili/rammi-um-starfssemi-tomstundahe/>

Grunnskólalög (2008), <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>

Hér má sjá umfjöllun um þjónustuna á heimasíðu Hofstaðaskóla (2017), <http://www.hofsstadaskoli.is/Tomstundaheimili>

Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Gæði eða geymsla? Um frístundaheimili og skólalagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi (2011), <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>

Könnun um lengda viðveru 2013. http://www.samband.is/media/skolamal/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf

Landlæknisembættið – gátlisti fyrir húsnaði frístundaheimila (2012), http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10821/Gatlisti_fristundaheimili_2012a.pdf

Landlæknisembættið – gátlisti fyrir lóðir frístundaheimila (2012), http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10820/Gatlisti_fristundaheimili-lodir_2012a.pdf

Mat á nokkrum frístundaheimilum í Reykjavík. (2017) <http://reykjavik.is/mat-fristundastarfi-0>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið - Starfshópur um málefni frístundaheimila fyrir nemendur á grunnskólastigi (2014)

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2014/fristundaheimili--greinargerd-starfshops-24.09.2014.pdf>

Menntastefna Reykjanesbæjar (2015), https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/rnb-menntastefna-2016-v10.pdf

Mosfellsbær (2016), Rammi sem Frístundaselin í Mosfellsbæ starfa eftir <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthyktir/nanar/2016/01/20/fristundasel/>

Samningur Borgarbyggðar við UMSB (2013), <http://umsb.is/skrar/file/samstarfssamningar-umsb-og-borgarbyggdar/samningur-um-tomstundamal.pdf>

Skýrsla starfshóps sem ætlað var að finna leiðir til að auka lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. (2016), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/104_1.1_lydraedishopur_lokaskyrsla.pdf

Skýrsla starfshóps um börn og fjölmenningu í starfi frístundamiðstöðva í Reykjavík. (2013), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/boern_og_fjoelmenning_starfi_fr_stundami_stoe_va_lokadroeg.pdf

Skýrsla starfshóps um börn og unglinga með fötlun í frístundastarfi. (2014), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/fristundathjonusta_sfs_fyrir_born_og_unglinga_med_fotlun_lokaskjal_april2014.pdf

Skýrsla starfshóps um frístundaakstur. (2014), <http://reykjavik.is/fristundaakstur-skyrsla-starfshops-2014>

Starfsskrá tómstundamiðstöðva Hafnarfjarðarbæjar 2016-2018 (2016), http://www.hafnarfjordur.is/media/raedsluthjonusta/starfsskra-tomstundamidstodva_2016-2018_loka.pdf

Stefna fyrir Dægradvöl í Kópavogi (2015), <http://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/stefna-i-malefnum-daeegradvala.pdf>

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (2017), <http://reykjavik.is/stefna-og-starfsaaetlun-sfs>

Um foreldrasamstarf í frístundastarfi í Reykjavík (2017), <http://reykjavik.is/thjonusta/foreldrasamstarf-i-fristundastarfi>

Um frístundastarf fatlaðs fólks í Reykjavík (2017), <http://reykjavik.is/thjonusta/fristundastarf-fatlads-folks>

Upplýsingar um skólavistun í Dalvíkurbyggð (2017), <http://www.dalvikurbyggd.is/is/thjonusta/menntun/fristund>

Upplýsingar um þjónustu frístundaheimila á Akureyri (2017), <https://www.akureyri.is/skoladeild/fristund>

Vefur Alþingis (2016) <http://www.althingi.is/altext/145/s/1466.html>

Viðhorf foreldra til þjónustu frístundaheimilanna í Reykjavík. (2015), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/foreldrakonnun15_heildarskyrsla.pdf

Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs í Reykjavík (2015), http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_-_mat_i_fristundastarfi_0.pdf

Æskulýðslög, 2007, 10. gr, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007070.html>

Öryggishandbók grunnskóla (2011 og 2013), https://mms.is/sites/mms.is/files/lokautgafa_oryggishandbok_grunnskola_agust2015_0.pdf

Viðaukar

Könnun á viðhorfum og væntingum til gerðar leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla

Könnun á viðhorfum og væntingum til gerðar leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla

Starfshópur um gerð leiðbeinandi viðmiða um gæði frístundastarfs á frístundaheimilum

Markhópur könnunarinnar

- Forstöðumenn skólaskrifstofa,
- Grunnskólastjórar utan Reykjavíkur
- Samtök sjálfstæðra skóla
- Heimili og skóli
- Umboðsmaður barna
- Skólastjórafélag Íslands
- Félagsmenn í Félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa
- Menntavísindasvið HÍ.

Framkvæmd könnunar

- Vefkönnun unnin í Question Pro
- Könnunin send út 3. febrúar
- Fyrri ítrekun 9. febrúar
- Seinni ítrekun 14. febrúar
- Könnun lokið 21. febrúar

Svarhlutfall

	Fengu sent	Svör	Hlutfall
Fræðsluskrifstofur	32	19	59%
FÍÆT	49	18	37%
Samtök	4	4	100%
Skólastjórar	128	55	43%
Gefa ekki upp		3	-
Samtals:	213	99	46%

Staðsetning svarenda

Akranes	Hafnarfjörður	Skeiðahreppur	
Akureyri	Hornafjörður	Snæfellsbær	
Árborg	Húnaþing	Súðavík	
Borgarbyggð	Hveragerði	Svalbarðsströnd	
Breiðdalsvík	Ísafjörður	Vestmannaeyjar	
Dalvíkurbyggð	Kópavogur	Vesturbyggð	
Djúpivogur	Mosfellsbær	Vogar	
Eyjafjörður	Norðurþing	Vopnafjörður	
Fjallabyggð	Rangárþing	Þingeyjarhreppur	
Fjarðabyggð	Reykholar		
Fljótshálsa	Reykjanesbær		
Flóahreppur	Reykjavík		
Garðabær	Sandgerði		
Garður	Seltjarnarnes		
Grenivík	Seyðisfjörður		
Grindavík	Skagaströnd		


Eru til viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla í þínu sveitarfélagi/þjónustusvæði?

	Já	Nei
Alls	19%	81%
Skólastjórar	19%	81%
Fræðsluskrifstofur	17%	83%
Tómstundafulltrúar	24%	76%

Er unnið markvisst að þróunarstarfi um gæði starfs á frístundaheimilum í þínu sveitarfélagi/þjónustusvæði?

	Já	Nei
Alls	30%	70%
Skólastjórar	24%	76%
Fræðsluskrifstofur	47%	53%
Tómstundafulltrúar	29%	71%

Leiðbeinandi viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum ...



Sundurliðun

	Mjög sammála			Frekar sammála			Hvorki né		
	Skóla-stjórar	Fræðslu-skrifstofur	Tómstunda-fulltrúar	Skóla-stjórar	Fræðslu-skrifstofur	Tómstunda-fulltrúar	Skóla-stjórar	Fræðslu-skrifstofur	Tómstunda-fulltrúar
Gagnast við að móta starfseminna nánar sem hluta af lögbundinni þjónustu	55%	83%	67%	40%	17%	33%	5%	0%	0%
Gerir frístundastarfið markvissara	64%	79%	72%	29%	21%	28%	7%	0%	0%
Stuðlar að auknu jafnræði barna um allt land	47%	74%	56%	42%	26%	28%	11%	0%	11%
Verða til þess að starfið tekur í auknum mæli mið af þörfum, þroska og áhuga barna	47%	67%	61%	40%	33%	39%	13%	0%	0%


Mér finnst mikilvægt að til séu viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum starfs í frístundaheimilum

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar/ mjög ósammála
Alls	65%	29%	3%	3%
Skólastjórar	55%	36%	5%	4%
Fræðsluskrifstofur	90%	11%	0%	0%
Tómstundafulltrúar	72%	28%	0%	0%


Stjórnendur frístundaheimila hafi uppeldismenntun

	Mjög raunhæft	Frekar raunhæft	Hvorki né	Frekar óraunhæft	Mjög óraunhæft
Alls	48%	35%	5%	10%	2%
Skólastjórar	36%	42%	7%	11%	4%
Fræðsluskrifstofur	63%	26%	5%	5%	0%
Tómstundafulltrúar	56%	33%	0%	11%	0%

Stjórnendur frístundaheimila hafi uppeldismenntun



Annað starfsfólk frístundaheimila hafi uppeldismenntun



Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að unnin séu viðmið um:

	Heild	Skólastjórar	Fræðsluskrifstofur	Tómstundafulltrúar
Faglega forystu og fagmennsku starfsfólks	1,4	1,4	1,6	1,3
Skipulag starfs, starfshætti og viðfangsefni	1,4	1,4	1,5	1,4
Stjórnun starfsstaðar, starfsáætlanir og verklagsreglur	1,5	1,6	1,5	1,2
Húsnæði og starfsaðstöðu	1,7	1,7	1,8	1,6
Foreldrasamstarf	1,8	1,8	1,6	2,1
Tengsl við íþróttir og tómstundir	1,6	1,7	1,6	1,7
Markmið í uppeldi og óformlegu námi	1,6	1,7	1,5	1,7
Öryggismál	1,3	1,4	1,4	1,2
Mannréttindi og margbreytileika	1,5	1,6	1,6	1,4
Starfsskrár (ramma um starfið)	1,6	1,7	1,7	1,5

Meðaltöl mikilvægis. Eftir því sem tala er nær 1,0 því mikilvægara er að búa til viðkomandi viðmið
Lægsta mögulega meðaltal er

5.

Sá grunnþáttur menntunar sem er mikilvægast að endurspeglar í viðmiðum fyrir frístundaheimili fer í 1 sæti og koll af kolli til 6 sætis.

	Meðaltals sæti	Hlutfall sem setti í 1.sæti	Hlutfall sem setti í 2. sæti	Hlutfall sem setti í 3. sæti
Heilbrigði og velferð	2,1	55%	15%	10%
Sköpun	2,8	16%	32%	21%
Jafnrétti	2,8	14%	28%	30%
Lýðræði	3,3	11%	17%	26%
Læsi	4,9	2%	5%	6%
Sjálfbærni	5,1	2%	3%	6%

Markmið og viðmið í framsetningu samhæfðs árangursmats

Starfshópurinn ákvað að setja markmiðin og viðmiðin fram í aðferðafræði samhæfðs árangursmats. Aðferðafræðin hentar vel við framsetningu stefnumótunar af þessu tagi og auðveldar m.a. aðilum að fylgjast með hvort settum markmiðum hefur verið náð.

Framsetning viðmiðanna er í fjórum víddum sem eiga með sér orsaka- og afleiðingatengsl á þann hátt að að vídd sem er ofar byggir á þeirri sem er neðar. Í hverri vídd má síðan sjá fjögur markmið sem taka til ákveðinna efnispátta. Til hægðarauka eru markmiðin númeruð frá 1 – 16. Þeirri aðferðafræði er fylgt að hvert markmið hefur skilgreint innihald og er sett fram í einni meitlaðri setningu sem lýsir á skýran hátt því markmiði sem stefnt er að. Markmiðunum fylgja síðan viðmið um gæði. Viðmið um gæði eru þrjú fyrir hvert markmið, 48 alls og hafa það hlutverk að sýna fram á aðgerðabindingu viðmiða. Viðmið eru merkt með bókstöfunum a, b og c.

Markmið fyrir starf frístundaheimila

Börnin á frístundaheimilinu	1. Börnum líður vel og eru örugg, heilbrigð og glöð	2. Börnin hafa sterka sjálfsmýnd og félagsfærni
	3. Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður	4. Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín
Starfshættir og viðfangsefni	5. Virkt samstarf er við foreldra, skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðra í grenndarsamfélaginu	6. Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu
	7. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og skapandi og <u>mótast</u> af áhuga barna og þroska þeirra	8. Lýðræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur eru ríkjandi
Mannauður og faglegt starf	9. Sveitarfélag <u>mótar</u> stefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagþróun starfsins	10. Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu
	11. Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi	12. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju
Bjargir og skipulag	13. Skilvirk upplýsinga- og samskiptatækni styður við starfsemina á fjölbreyttan hátt	14. Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum
	15. Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og <u>ólíkum</u> þörfum allra barna	16. Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska

Börnin á frístundaheimilin



Markmið	Viðmið um gæði
1. Börnum líður vel og eru örugg, heilbrigð og glöð	a. Í frístundastarfinu finna börn til öryggis í öllu starfi b. Í frístundastarfinu er unnið gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast svo sem einelti, öðru ofbeldi, niðurlægingu og kynbundinni og annars konar mismunun til að tryggja almenna velferð barna c. Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
2. Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni	a. Í frístundastarfinu er unnið að því að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og samskiptahæfni b. Jafnrétti er lykilþáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar c. Í frístundastarfinu fá börnin tækifæri til að skiptast á skoðunum við önnur börn og fullorðna, miðla málum og finna sameiginlegar lausnir
3. Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður	a. Leitað er eftir sjónarmiðum barna þegar teknar eru ákvarðanir um starfið b. Frjálsum leik barna er gefið gott svigrúm c. Börnin hafa daglega val um fjölbreytt og ögrandi viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk
4. Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín	a. Starfið tekur mið af aldri og þroska barna b. Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga c. Börn sýna áhuga á því að sækja frístundaheimilið

Starfshættir og viðfangsefni

Markmið	Viðmið um gæði
5. Virkt samstarf er við foreldra, skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðra í grenndarsamfélaginu	a. Forstöðumaður leitar virks samráðs við skólastjóra, starfsfólk skóla, foreldra, forstöðumenn íþrótt- og æskulýðsfélaga og listaskóla um sameiginleg málefni b. Foreldrar eru ánægðir með viðfangsefni barnanna c. Foreldrar eru ánægðir með samskiptin við starfsfólk
6. Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu	a. Fullt aðgengi er fyrir öll börn að starfinu b. Sérhvert barn tekur þátt í dagskrá og nýtur samveru með öllum börnum c. Börn fá viðeigandi stuðning við allt starf
7. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og mótast af áhuga barna og þroska þeirra	a. Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs b. Boðið er upp á smíðjur og fræðslu um tiltekin málefni, þar sem áhersla er lögð á skapandi starf og listsköpun c. Útivera og viðburðir eru reglubundnir þættir í frístundastarfinu
8. Lýðræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur eru ríkjandi	a. Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnunum b. Börnin eru hvött til að koma með eigin hugmyndir að viðfangsefnum og þau studd í útfærslu og framkvæmd þeirra c. Börn eru hvött til að tjá skoðanir sínar á markvissan og uppbyggilegan hátt

Mannauður og faglegt starf



Markmið	Viðmið um gæði
9. Sveitarfélag mótastefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagþróun starfsins	a. Sveitarfélagið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til og skapar aðstæður til starfsþróunar b. Sveitarfélag stuðlar að þróun og nýbreytni í samstarfi við hagsmunaaðila; börnin, foreldra, starfsfólk og grenndarsamfélagið c. Sveitarfélag stendur fyrir mati á starfsemi frístundaheimila
10. Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu	a. Forstöðumaður hefur forystu um mótun frístundastarfsins og leitast við að innleiða faglega starfshætti b. Við ráðningar skal liggja fyrir sakavottorð, sem snýr að ofbeldi eða misnotkun eða heimild forstöðumanns til að afla upplýsinga úr sakaskrá c. Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar
11. Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi	a. Starfsfólk tryggir börnunum fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni b. Starfsfólk er ánægt í starfi og telur hæfni sína og þekkingu vel nýttu c. Starfsfólk vinnur saman að útfærslu viðfangsefna
12. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju	a. Starfsfólk kemur vel til móts við þarfir einstakra barna þannig að margbreytileiki í barnahópnum nýtur sín b. Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun c. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin

Bjargir og skipulag

Markmið	Viðmið um gæði
13. Skilvirk upplýsinga- og samskiptatæknitækni styður við starfsemina á fjölbreyttan hátt	a. Á frístundaheimilinu er sími og nettengdur búnaður b. Vefur frístundaheimilisins inniheldur réttar grunnupplýsingar um starfsemina, er virkur og uppfærður reglulega c. Upplýsinga- og samskiptatækni er nýtt til samstarfs við foreldra og ýmsa samstarfsaðila
14. Starfsemin er skipulögð, opnunartími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum	a. Sveitarfélög setja fram skýr viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann og lágmarksstærð rýmis á hvert barn b. Skipulag starfseminnar, samstarfsaðila, og verkaskipting starfsfólks eru skýr og kynnt og endurmetin reglulega út frá þörfum barnsins c. Tekið er á móti börnum og þau kvædd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru í frístundinni hverju sinni
15. Húsnæði og útileiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs og ólíkum þörfum allra barna	a. Húsnæði frístundaheimilis og útileiksvæði uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum um grunnskóla og lögum um vinnuvernd b. Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna c. Aðgengi að húsnæði hentar öllum, hvort sem er innan veggja þess eða útileiksvæði hentar öllum
16. Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska	a. Fjölbreytt úrval af vistvænum og öruggum efniviði er til staðar b. Efniviður og búnaður er yfirfarinn reglulega og endurnýjaður eftir þörfum c. Nærumhverfi frístundaheimilis er nýtt til þess að mæta áhuga, forvitni og áskorunum barna